



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 15. janúar 2019
VEL2018120012
7.2

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Samstarf um greiðslu gistináttagjalds í neyðarathvörfum Reykjavíkurborgar fyrir heimilislausa

Reykjavíkurborg rekur tvö neyðargistiskýli fyrir húsnæðislausa einstaklinga. Gistiskýli að Lindargötu er ætlað húsnæðislausum karlmönnum og Konukot, sem rekið er í samstarfi við Rauða krossinn í Reykjavík, er ætlað konum. Í undirbúningi er að setja á laggirnar þriðja neyðarskýlið við Grandagarð í Reykjavík sem ætlað verður ungum karlmönnum sem eiga í verulegum vímuefnavanda.

Einstaklingar með lögheimili utan Reykjavíkur hafa fengið aðgang að Gistiskýlinu og Konukoti á meðan húsrúm leyfir, þó á þann hátt að gætt sé öryggis gesta og starfsmanna hverju sinni. Öll þjónusta Gistiskýlis og Konukots hefur verið einstaklingnum að kostnaðarlausu. Á fundi velferðarráðs þann 15. nóvember síðastliðinn var samþykkt að heimila sviðsstjóra að setja gjaldskrá, kr. 17.500 á nótt, fyrir gistingu í skýlunum fyrir íbúa annarra sveitarfélaga en Reykjavíkur. Verðið byggir á rekstrarkostnaði neyðarskýlanna auk umsýslukostnaðar velferðarsviðs. Gjaldskráin tók gildi 1. janúar 2019.

Tekinn hefur verið saman heildarfjöldi gistinátta þeirra einstaklinga sem nýtt hafa neyðarskýli Reykjavíkurborgar árið 2018. Alls dvöldu þar 58 einstaklingar með lögheimili utan Reykjavíkur í alls 624 gistinætur. Frá Garðabæ gistu 2 einstaklingar í Gistiskýli í alls 13 nætur og 2 einstaklingar í Konukoti í 7 nætur. Óskað er eftir samstarfi við Garðabæ um greiðslur fyrir árið 2019. Meðfylgjandi eru drög að samningi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um samstarf vegna gistináttagjalds (fylgiskjal 1).

Vinsamlegast hafið samband við Sigprúði Erlu Arnardóttur, framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar Miðborgar, Vesturbæjar og Hlíða, fyrir 29. janúar næstkomandi, sigthrudur.erla.arnardottir@reykjavik.is, með það í huga að ganga frá samningum fyrir árið 2019.

Virðingarfyllt

Dís Sigurgeirsdóttir
skrifstofustjóri